

## Fundargerð nr. 183

### 183. fundur fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 2.10.2017 kl. 11:00

Mætt: Ágústa Ragnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Róbert A. Darling, Helga Sighvatsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir.

#### 1. Fjárhagsáætlun fyrir 2018

Áætlun ársins 2017 hefur staðist fram til þessa og ekkert sem bendir til þess að breyting verði þar á. Áætlun ársins 2018 lögð fram. Engar verulegar breytingar eru á áætlun milli ára en búast má við að launaáætlun breytist eitthvað þar sem kjarasamningar eru lausir á næsta ári og ekki er gert ráð fyrir hækkun vegna þess inni áætluninni. Fagrað samþykkir framlagða áætlun.

#### 2. Biðlisti

Um það bil 80 manns eru á bið eftir því að hefja nám við skólann, langflestir eru á biðlista í Árborg eða 60 og restin dreifist yfir kennsluvæði skólans.

#### 3. Húsnæðismál

Í haust var tekinn á leigu salur í húsnæði við hliðina á skólanum. Farið var í heimsókn þangað og aðstæður skoðaðar. Þessi viðbót mun breyta miklu fyrir samspil og hljómsveitastarf í skólanum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:00/sdh

*Halldóra Hjörleifsdóttir  
Ágústa Ragnarsdóttir  
Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Róbert Darling  
Helga Sighvatsdóttir*